

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum og nýtt deiliskipulag í Reykjavík.

Þingvað 61 – 82.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 10. maí 2006 breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna að Þingvaði 61 - 82. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stórhöfði 35.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 10. maí 2006 breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna lóðarinnar að Stórhöfða 35. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Egilsborgarreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 23. mars 2006 deiliskipulag fyrir reit 1.244.2, sem afmarkast af Háteigsvegi, Rauðarárstíg, reitarafmörkun til norðurs og Þverholti. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. maí 2006,
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**